

Fimmtudaginn 5. október 1995.

Nr. 169/1995.

Páll Sigurjónsson

(Gústaf Þór Tryggvason hrl.)

gegn

Péttri Símonarsyni

(Stefán Pálsson hrl.)

Fyrning. Peningalán.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. maí 1995. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Í málinu liggur fyrir skrifleg viðurkenning áfrýjanda frá 17. mars 1988 þess efnis, að hann hafi þá tekið við vaxtalausum láni frá stefnda til fjögurra mánaða, eins og rakið er í hinum áfrýjaða dómi, og ber skjalið einnig áritun stefnda um afhendingu lánsins. Áfrýjandi byggir vörn sína á því, að krafa stefnda um endurgreiðslu verði að teljast fyrnd samkvæmt 1. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905 um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda. Umrætt skjal gefur til kynna, að krafan sé risin af veitingu peningaláns, og sé skjalið sjálft gefið út til staðfestingar samningi um það lán. Þegar af þeirri ástæðu verður að líta svo á, að krafa stefnda sæti 10 ára fyrningarfresti, á grundvelli 2. tl. 4. gr. laga nr. 14/1905. Samkvæmt því ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem um er mælt í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Páll Sigurjónsson, greiði stefnda, Péttri Símonarsyni, 80.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 7. mars 1995.**I.**

Mál þetta var tekið til dóms 1. þ. m. eftir munnlegan málflutning. Stefnandi er Pétur Símonarson, kt. 040811-2069, Austurbrún 31, Reykjavík.

Stefndi er Páll Sigurjónsson, kt. 030535-2789, Hörgslundi 5, Garðabæ.

Stefnandi krefst þess, að stefndi verði dæmdur til greiðslu skuldar, að fjárhæð 800.000 kr., ásamt dráttarvöxtum skv. 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 17. 1. 1991 til greiðsludags, að áfallnir dráttarvextir leggjist við höfuðstól skuldarinnar og að dráttarvextir reiknist af þeirri fjárhæð á 12 mánaða fresti, sbr. 12. gr. vaxtalaga, í fyrsta sinn 17. 1. 1992. Þá krefst stefndi málskostnaðar auk virðisaukaskatts samkvæmt fram lögðum málskostnaðarreikningi og að málskostnaðarfjárhæð beri dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og að sér verði tildæmdur málskostnaður að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun úr hendi stefnanda samkvæmt fram lögðum málskostnaðarreikningi.

Sáttatilaunir dómara báru ekki árangur.

II.

Dómkröfur sínar styður stefnandi því, að hann hafi lánað stefnda 17. mars 1988 800.000 kr. til fjögurra mánaða og stefndi ritað nafn sitt undir skuldarviðurkenningu þess efnis. Stefndi hafi um árabíl marglofað endurgreiðslu, en jafnóft svikið þau loforð. Þar sem endurteknar innheimtutilraunir stefnanda hafi reynst árangurslausar, beri honum nauðsyn til að innheimta kröfuna með málsókn. Kröfu sína reisir stefnandi á skriflegri skuldarviðurkenningu stefnda á reikningseyðublaði, þar sem stefndi skrifar undir sem lántaki, en stefnandi sem lánveitandi. Meginmál skjalsins er svohljóðandi:

„1988, 17. mars. Ég undirritaður hef mótttekið að láni frá Pétri Símonarsoni, Austurbrún 31, Reykjavík, 800.000 krónur, – átta hundruð þúsund, – vaxtalaust vinarlán í 4 mánuði eða til júlí 1988.

Mótt. Páll Sigurjónsson

Afhent. Pétur Símonarson.“

Dómkröfur sínar styður stefnandi við almennar reglur kröfuréttar og ákvæði laga nr. 7/1936.

Í greinargerð stefnda er þess getið, að aðilar máls þessa hafi átt í sameiginlegum viðskiptum. Þeir hafi keypt og selt fiskvinnsluvélar og flutt inn bíla, m. a. 2 Benz-jeppa fyrir hann. Stefnandi hafi alltaf hafnað kvittunum. Greiðslur hafi aðeins farið fram með peningum, skuldabréf hafi hann ekki

viljað. Stefnukrafan sé greidd, en stefnda hafi láðst að endurkrefja um kvittunina.

Stefndi miðar sýknukröfu sína hins vegar einvörðungu við það, að krafan sé fyrnd, en ekki, að hún sé greidd. Sýknukröfu stefnda til stuðnings er vísað til 3. gr. laga nr. 14/1905 um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda.

Lögmenn aðila fjölluðu um ofangreinda málsástæðu stefnda í málflutningi sínum.

Af hálfu stefnda er skírskotað til þess, að krafa stefnanda, sem reist sé á skuldarviðurkenningu, fyrnist á fjórum árum samkvæmt 3. gr. fyrningarlaga. Skjalið geti á engan hátt talist skuldabréf í skilningi 4. gr. sömu laga. Hér sé um kröfu að ræða, sem falli undir 1. tl. 3. gr. laganna, þ. e. kröfu út af afhendingu lausafjár. Lausafé sé reiðufé og reiðufé peningar.

Af hálfu stefnanda er því mótmælt, að krafa stefnanda í máli þessu fyrnist samkvæmt 3. gr. fyrningarlaganna. Ákvæði 2. og 3. gr. fyrningarlaga feli í sér undantekningu frá meginreglu laganna um tíu ára fyrningarfrest samkvæmt 4. gr. Krafa stefnanda byggist á einhliða, óskilyrtri og skriflegri skuldarviðurkenningu stefnda, sem sé skuldabréf í sinni einföldustu mynd og fyrnist því á tíu árum samkvæmt 4. gr. fyrningarlaga. Í raun skipti hins vegar ekki máli, hvort umrædd skuldarviðurkenning verði talin skuldabréf og fyrningarfrestur þá tíu ár samkvæmt 1. tl. 4. gr. eða hvort farið verði eftir útilokunarreglu 2. tl. 4. gr. fyrningarlaga, sem mæli fyrir um tíu ára fyrningarfrest.

Niðurstaða.

Í máli þessu er ágreiningslaust, að stefndi undirritaði þá skuldarviðurkenningu, sem stefnandi reisir kröfur sínar á. Sýknukröfu síra byggir stefndi hvorki á því, að umrætt lán hafi ekki verið veitt né að hann hafi endurgreitt það. Ágreiningur málsaðila snýst einvörðungu um það, hvort krafa stefnanda fyrnist á fjórum eða tíu árum, þ. e., hvort um sé að ræða kröfu vegna afhendingar á lausafé eða kröfu samkvæmt skuldabréfi eða hvort um sé að ræða kröfu, sem falli undir 2. tl. 4. gr. fyrningarlaga, þar sem mælt er svo fyrir, að allar aðrar kröfur, sem ekki sé settur annar fyrningarfrestur fyrir, fyrnist á tíu árum.

Hvergi í lögum er nein almenn skilgreining á því, hvað sé skuldabréf. Almenn skilgreining hugtaksins er sú, að með því sé átt við einhliða, óskilyrta og skriflega viðurkenningu á peningaskuld. Skuldabréf er því ávallt loforð og grundvöllur kröfu. Efni skjalsins skiptir meginmáli. Á hinn bóginn eru í ýmsum lögum gerðar sérstakar formkröfur og efnis til slíkra skjala, svo að með þau megi fara samkvæmt þeim lagaákvæðum, t. d. í 1. gr., 7. tl.,

aðfararlaga, í þinglýsingalögum og lögum um meðferð einkamála, svo að eitthvað sé nefnt.

Skuldarviðurkenning sú, er stefnandi reisir mál sitt á, felur í sér einhliða, óskilyrta viðurkenningu stefnda á því, að hann skuldi stefnanda peninga, 800.000 krónur, og jafnframt loforð um að greiða skuldina. Skjalið er því skuldabréf í skilningi 1. tl. 4. gr. laga nr. 14/1905, og er fyrningarfrestur kröfu þeirrar, sem gerð er samkvæmt því, tíu ár. Krafa sú, er stefnandi gerir fyrir dóminum, er því ófyrnd, en gjalddagi hennar var í júlí 1988.

Samkvæmt þessu verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda 800.000 krónur með dráttarvöxtum, eins og í dómsorði greinir. Stefnandi krefst einvörðungu ófyrndra dráttarvaxta, og af stefnda hálfu hefur dráttarvaxta-kröfu stefnanda ekki verið mótmælt sérstaklega. Stefnanda er heimilt að höfuðstólsfæra áfallna dráttarvexti á tólf mánaða fresti, í fyrsta skipti 17. 1. 1992.

Eftir þessum úrslitum málsins ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, og þykir hann hæfilega ákveðinn 130.000 kr. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Finnbogi H. Alexandersson héraðsdómari kveður upp dóminn.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Páll Sigurjónsson, greiði stefnanda, Pétri Símonarsyni, 800.000 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 17. janúar 1991 til greiðsludags og 130.000 krónur í málskostnað.